

Miðvikudaginn 17. júní 1936.

Nr. 28/1936. **Útibú Landsbanka Íslands á Ísafirði**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Skilanefnd Sildareinkasölu Íslands

(Lárus Fjeldsted).

Sýknað af kröfu um viðurkenningu lögveðs fyrir skuld.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 14. des. 1935: Stefndur, Skilanefnd Sildareinkasölu Íslands, greiði stefnandanum, Útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði kr. 3500.00 með 6% ársvöxtum frá því 15. maí 1932, til greiðsludags, $\frac{1}{8}$ % upphæðarinnar í þóknun og kr. 9.50 í afsagnarkostnað.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 16. marz þ. á., og gert þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó með þeirri breytingu, að viðurkennt verði, að hann eigi lögveð fyrir hinni dæmdu fjárhæð í andvirði því, sem í vörzlum skilanefndar Sildareinkasöluunnar er, fyrir selda sild og aðrar birgðir, samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 44 frá 1929. Svo krefst áfrýjandi þess, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum greinum, og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað í hæstarétti eftir mati dómsins.

Í máli þessu eru ekki nægar sannanir fram komnar fyrir því, að fjárhæð sú, sem áfrýjanda hefir

verið dæmd í héraði, hafi verið tekin að láni af framkvæmdarstjórn Sildareinkasölu Íslands í samráði við útflutningsnefnd, og brestur þannig frumskilyrði til stofnunar lögveðs samkvæmt 3. gr. laga nr. 44 frá 1929. Þegar af þessari ástæðu getur krafa áfrýjanda ekki orðið tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum málsins verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 150.00.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi skal óraskað. Áfrýjandi, Útibú Landsbanka Íslands á Ísafirði, greiði stefnda, skilanefnd Sildareinkasölu Íslands, kr. 150.00 í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 24. september 1934 af útbúi Landsbanka Íslands á Ísafirði gegn skilanefnd Sildareinkasölu Íslands hér í bænum til greiðslu skuldar skv. vixli að upphæð kr. 3500.00 með 6% ársvöxtum frá 15. maí 1932 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun og kr. 9.50 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Þá hefir stefnandi og krafizt að viðurkennt verði með dóminum, að hann eigi lögveð fyrir hinu tildæmda í andvirði því, er í vörzlum skilanefndarinnar er, fyrir selda síld og aðrar birgðir, skv. ákv. 3. gr. l. nr. 44 14. júní 1929.

Stefndur hefir játað greiðsluskyldu sína á umstefndri skuld, en mótmælir því, að stefnanda verði tildæmdur lögveðréttur fyrir henni og krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög máls þessa kveður stefnandi þau, að árið 1931 hafi Halldór B. Halldórsson, sildarsöltunarmaður á Ísa-

firði átt verkunarlaun fyrir síld inni hjá Sildareinkasölunni. Hafi hann verið búinn að gera margar tilraunir til að fá þau greidd, án þess að það hafi borið árangur, en loks hafi þó einn framkvæmdarstjóri Sildareinkasölnunar samþykkt vixil að upphæð kr. 3500.00 fyrir inneign Halldórs og jafnframt farið þess á leit við stefnanda, að hann keypti vixilinn og afdráttarlaust lofað fullri greiðslu hans á gjalddaga, en það hafi þó brugðizt.

Andvirði vixilsins telur stefnandi hafa gengið til þess að greiða nefndum Halldóri verkunarlaun, þau er hann átti hjá Sildareinkasölunni og því eigi hann lögveðrétt fyrir skuldarupphæðinni skv. 3. gr. l. 44 frá 14. júní 1929, er ákveði að framkvæmdastjórn Sildareinkasölnunar, í samráði við útflutningsnefnd, sé heimilt að taka fé að láni til þess að kaupa tunnur, salt og annað efni til síldarverkunar og hafi lánstofnanir, sem veita Einkasölunni slík lán, sameiginlegt lögveð í allri síld, sem Einkasalan hafi til sölumeðferðar á hverjum tíma svo og í birgðum hennar af tunnum, salti og öðru efni.

Stefndur mótmælir því, að stefnandi eigi umræddan lögveðrétt og byggir þau mótmæli sín á því, að sérstakan samning hafi þurft að gera um lánið til þess að lögveðréttur stofnaðist. Hafi það verið gert við Útibú Landsbankans á Akureyri, enda hafi það fengið dómsviðurkenningu fyrir lögveðrétti sínum í eignum bús Sildareinkasölnunar. Hér hafi enginn sérstakur samningur verið gerður um lánið og því sé umstefnd skuld aðeins venjuleg lausaskuld, er falli utan ákvæða laganna frá 1929. Ákvæði þeirra laga gildi aðeins ef tekið sé ákveðið lán hjá ákveðnum banka eða m. ö. o. reksturslán. Því hefir nú verið haldið mjög ákveðið fram af stefnanda, að umrætt vixillán hafi verið veitt fyrir bein tilmæli eins framkvæmdastjóra Sildareinkasölnunar, Péturs Ólafssonar. Hefir umsagnar Péturs verið leitað um það atriði, en hann hefir ekki treyst sér til að segja neitt ákveðið um það, en vill alls ekki neita því, að svo kunni að hafa verið. Stefndur neitar því heldur ekki, að ske kunni, að vixillánið hafi verið veitt fyrir atbeina framkvæmdastjórans. Í málinu hefir verið lagt fram afrit bréfs frá stjórn Útbús Landsbankans á Ísafirði, er skrifað var löngu áður en til máls þessa kom, þar sem því er ákveðið haldið fram,

að vixillánið hafi verið veitt eftir tilmælum Péturs Ólafssonar, framkvæmdastjóra Sildareinkasölunnar, og hafi hann lofað að það skyldi greitt að fullu innan 6 mánaða.

Rétturinn verður því eftir atvikum að álíta, að umrætt lán hafi verið veitti fyrir atbeina eins af framkvæmdastjórum Sildareinkasölunnar.

Hinsvegar verður rétturinn að fallast á það, með stefndum að slík aðstoð eins framkvæmdastjóra Einkasölunnar við verkunarmann, er hér hefir átt sér stað, heimili ekki að sú skuld, er hér var stofnuð, öðlist lögveðsrétt þann, er um ræðir í 3. gr. l. nr. 44 frá 1929. Til lántöku þessarar var ekki stofnað á þann veg, er greinin krefst til þess að um lögveðrétt fyrir skuldinni geti orðið að ræða.

Rétturinn lítur svo á, að skilja beri nefnda lagagrein á þann hátt, að hvert það lán, er þar umræddan lögveðrétt eigi að öðlast, verði að vera stofnað af framkvæmdastjóra í samráði við útflutningsnefnd. Sé ekki til einhvers ákveðins láns stofnað á þann hátt, þá geti það ekki öðlast lögveðsrétt eftir greininni. Og þar sem ekki er sannað að að vixillán það, er hér ræðir um, hafi verið stofnað af framkvæmdastjórninni í samráði við útflutningsnefnd, lítur rétturinn svo á, að það hafi eigi getað öðlast lögveðsrétt þann, er um ræðir í 3. gr. l. nr. 44 frá 14. júní 1929. Krafa stefnanda um áðurgreinda viðurkenningu lögveðréttar verður því ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum verður stefnanda aðeins tildæmdur höfuðstóll vixilsins, kr. 3500.00, með 6% ársvöxtum frá 15. maí 1932 til greiðsludags, $\frac{1}{2}$ % upphæðarinnar kr. 3500.00, í þóknun og kr. 9.50 í afsagnarkostnað, og þykir eftir atvikum verða að taka kröfu stefnds, um að málskostnaður verði látinn falla niður, til greina.